„Martin Berkofsky leikur ungverska rapsódíu nr. 10 eftir Franz Liszt“

Guðmundur Björgvinsson sýnir 49 málverk spunnin upp úr áhrifum frá Liszt-tónleikum Martins Berkofsky píanóleikara

Laugardaginn fyrir páska opnar Guðmundur Björgvinsson sýningu í vestursal Kjarvalsstaða þar sem hann sýnir samfellda myndaröð sem öll er unnin út frá áhrifum sam hann varð fyrir á tónleikum hjá Martin Berkofsky píanóleikara fyrir rúmum þrem árum.

Sýningin er að því leyti óvenjuleg að hún myndar eina heild og byggir á ákveðinni grunnhugmynd um sköpunina og tómið og samhengið í sköpunarsögunni. Eða eins og Guðmundur orðar það sjálfur:

„Kveikjan að þessari sýningu var konsert sem Martin Berkofsky hélt í Þjóðleikhúsinu 18. febrúar 1985. Meðan á leik hans stóð fór ég í einskonar ferðalag á baki tónlistarhryssunnar og eru málverkin tilraun til að festa á léreft örlítið brot af þeim myndum sem urðu á vegi mínum í þessu ferðalagi.

Eins og öll ferðalög hefst þetta ferðalag á upphafinu. Og upphafið er myrkur. Svartur litur. Ekkert. Ekkert er svart. Svarti liturinn er fyrirsláttur eða yfirvarp. Í honum leynast allir litir. Og allt getur gerst. Himinn og jörð verða til. Guðir og menn. Allt stígur útúr engu.

Verði ljós! Og það verður ljós. Ljósið skilur manninn frá óskapnaðinum. Maðurinn kemur reiðu á óskapnaðinn.

Ferðalagið er sköpun heimsins.


Ferðalagið er fæðing, líf og dauði.

Ferðalagið er listsköpun.

Ferðalagið er myndbreyting.

Allt hangir saman eins og ógnarlangur ormur sem hlykkjast um heima alla. Í senn skepna og drumbur, grjót og gras, guð og djöfull. Maðurinn er höfuð ormsins. Ekkert stendur eitt og sér. Edvard Munch er púpustig Franz Kline, Leonardo da Vinci lirfan, myrkrið og eggið.

Sá sem leggur af stað á vængjaðri hryssu tónlistarinnar á ekki afturkvæmt. Hann verður um eilífð á sveimi einhvers staðar í sjöunda himni.“




Guðmundur Björgvinsson í vinnustofu sinni. Ljósm. – Sig.

Myndaröðin skiptist í 7 kafla eins og rapsódían, en tengslin á milli tónlistarinnar og myndanna er óbein og myndirnar eru sjálfstæð verk er lýsa ákveðinni þróun úr myrkrinu til ljóssins, úr kaos í kosmos, þar sem Guðmundur beitir fyrir sér hinum ólíkustu stílbrögðum eftir þörfum hverju sinni.

Sýning Guðmundar Björgvinssonar verður opnuð laugardaginn fyrir páska kl. 14 og stendur til 17. apríl.

–ólg



Hvor hefur gleymt að slökkva á logskurðartækinu? Mynd – Björn Lindström.

Leikhús

Hverjum er það að kenna ef allt fer í bál og brand?

Finnskur leikhópur heimsækir Norræna húsið

Finnski leikhópurinn Viirus sýnir leikritið Logskurðartækið (Skärbrännaren), eftir ungan sænskan höfund, Magnus Dahlström, í Norræna húsinu. Frumsýning var á miðvikudagskvöldið en alls verða sýningar þrjár. Leikið er á sænsku.

Leikhópurinn Viirus var stofnaður í lok árs 1986 og voru stofnendur fjórir ungir leikarar, sem útskrifuðust frá Leiklistarskólanum í Helsinki vorið 1987. Þeir vildu sjálfir fá að velja sín hlutverk í stað þess að koma sér fyrir í öruggum faðmi einhverrar stofnunarinnar, auk þess sem þeir vildu reyna að ná til þeirra sem sjaldan eða aldrei koma í leikhús.

Logskurðartækið er annað verkefni leikhópsins, og þar segir frá Johnny og Ove sem vinna við logsuðu. Þeir eru mjög ólíkir í skapgerð og lífssýn, og þegar þeir hittast í búningsherbergi verksmiðjunnar þar sem þeir vinna og taka að deila um hvor þeirra hafi gleymt að skrúfa fyrir gaskranann á logskurðartækinu, snýst deilan fljótlega upp í valdabaráttu þeirra á milli. Einhversstaðar í verksmiðjunni er gasleki, svo lítill neisti getur orðið að stóru báli, og hverjum er þá að kenna ef svo fer? – Eða snýst deilan kannski um eitthvað allt annað? Er hún ekki grunsamlega lík valdabaráttu stórveldanna?

Leikendur í Logskurðartækinu eru Johan Storgård og Mats Långbacka. Leikstjóri er Arn-Henrik Blomquist. Önnur sýning verður í Norræna húsinu í kvöld kl. 16:00, og þriðja sýning laugardaginn 2. apríl kl. 16:00. Aðgöngumiðar eru seldir í Norræna húsinu.

LG

Nýlist og nostalgía

Bréf til myndlistargagnrýnanda Þjóðviljans

Sæll Ólafur Gíslason.

Undanfarið, ellegar frá því að ég undirritaður tók fyrst eftir skrifum þínum í Þjóðviljann um menningarmál hefi ég notið góðs af því. Margt af því hefur risið hærra heldur en ýmist það annað sem hefir verið ritað í öðrum fjölmiðlum um sömu málefni. Hér á ég aðallega við myndlistina.

Þó varð það svo að þegar ég las grein þína í Þjóðviljanum dagsettum 20. mars sl. undir fyrirsögninni „Stefnumót í óbyggðum“ að mér þótti sem þú tækir niðri. Nokkuð í þeirri grein virtist mér skjóta skökku við þann grunn og þá vitneskju er ég taldi þig hafa gagnvart framsækinni myndlist. Þú nefnir það „Nýlist“. „Nýlist“ er bara svo fjandi vont nafn á þeirri kennd í myndlist og svo margstaglað. En þar sem þessi kennd myndlistar skiptir svo miklu máli hér og nú og sérlega í þessum tilskrifum, legg ég það til að við nefnum það „Núið“.

Nafnið er fengið að láni í kvæði er birtist á sömu síðu og grein þín í Þjóðviljanum. Tvennt er það aðallega sem ég get ekki sætt mig við í skrifum þínum, að þessu sinni. Það fyrsta er, mat þitt á staðsetningu myndverka Sigurðar Örlygssonar, sem hann sýnir að Kjarvalsstöðum, í rúmi myndlistarsögunnar, og það að sú sýning skuli verða hér kveikja að velferð „Núsins“ í íslenskri myndlist. Þótt myndir Sigurðar séu stórar og tröllauknar að flatarmáli, kem ég því ekki inn hjá mér hvað þær hafa að gera með framsækna myndlist nútíðarinnar. Ég sé heldur ekki hvað þær hafa með Nýlistasafnið að gera. Tilgangur Nýlistasafnsins er allur annar líkt og þú veist mæta vel sjálfur.

Í þessu má ekki grauta saman öllu því sem sýnt hefir verið í gallerii safnsins og svo tilgangi safnsins sjálfs.

Myndir Sigurðar eru nostalgískar útfærslur á þeirri ást á torkennilegum grafískum myndum af ýmiss konar vélardótarii, sem flestir hafa fallið fyrir einhvern tíma á ferli sínum. Myndir Sigurðar eru ekki illa málaðar, en þær koma nútímanum lítið við út frá hugmyndalegu sjónarmiði. Aftur á mót eiga þær heima nær 1954-60 tímanum, á þeim tíma er Rauschenberg lagði hjólbarðann yfir geithafurinn, sem þú efalaust þekkir. Þar er grunnurinn að þeirri firringu sem þú lest út úr myndum Sigurðar.

Myndir Sigurðar eiga skilyrðislaust heima á Listasafni Íslands, burtséð frá því hvort hið nýja hús sé byggt utan um list eða ekki. Ég legg það til að verk Sigurðar verði sett á sinn bás út frá tímalegu sjónarmiði, færð aftur um nokkur ár og ýmiss annar ennþá verri misskilningur látinn víkja.

Það skal tekið hér fram til áréttingar að persónulega hef ég ekkert út á manninn Sigurð Örlygsson að setja, en hitt er þó ef við gefum okkur þá forsendu að skrásetning myndlistarsögu okkar í nútímanum fari fram á fréttamiðlum, þá skal hún þó vera rétt.

Svo er það annað. Það er rétt hjá þér Ólafur að það sé eitt brýnasta hagsmunamál að Nýlistasafnið fái afhent húsnæði sem það á skilið. Ég vil hér bæta um betur og segja að það sé orðið eitt brýnasta hagsmunamál myndlistar í landinu að Nýlistasafnið fái og geti rekið sína starfsemi í eigin húsnæði. Ég styð einnig þá hugmynd þína að vel væri hægt að nýta sér einhverja ónothæfa verksmiðju eða skemmu undir slíka starfsemi. Hitt er svo annað að sú tillaga þín, að til komi samvinna ríkis, sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Nýlistasafnsins og samtaka listamanna taki sig saman og myndi með sér hlutafélag utan um starfsemi Nýlistasafnsins gangi ekki. Við þekkjum þvílíka samvinnu nær því allsstaðar í formi hallærislegra mistaka, slæmrar samstöðu þar sem hver höndin er upp á móti annarri, í formi faðmlaga þeirra sem ekkert hafa til málanna að leggja, t.d. í því er heitir Listasafn Íslands. Því er það eini möguleikinn að mínu mati að safn líkt og Nýlistasafnið, sem framvörður nýjustu strauma í myndlist, fái að vaxa og dafna í friði fyrir mishallærislegum opinberum aðilum og listfræðingum með sorteringargáfur sínar uppá einhverjar gráður.

Hið opinbera láti af hendi rakna húsnæði og peninga, sem skipta öllu máli til þeirra aðila, sem nú þegar standa á bak við Nýlistasafnið, svo það megi starfa áfram sem sá eini merkisberi framsækinnar myndlistar á Íslandi.

Birgir Andrésson myndlistarmaður.